

## REGLUR

### **ríkisskattstjóra um skyldur áfengisframleiðanda við framleiðslu, flutning, geymslu, sölu og förgun.**

#### *Afmörkun.*

##### 1. gr.

Reglur þessar eru settar sem liður í skyldubundnu eftirlitshlutverki ríkisskattstjóra með innlendri áfengisframleiðslu og taka til eftirfarandi þátta:

1. Átöppunar.
2. Lokunar ölkúta (söluumbúða) með innsigli.
3. Töku og meðferðar rannsóknarsýna.
4. Afskriftar og förgunar skemmds eða gallaðs áfengis.

##### 2. gr.

Með áfengi í reglum þessum er átt við hvern þann vökva, sem inniheldur meira en 2,25% af vínanda að rúmmáli, mældan við 20°C hita. Áfengi flokkast með eftirgreindum hætti:

1. Öl sem flokkast undir vörulið 2203 í tollskrá og blöndur af öli og óáfengum drykkjum sem flokkast undir vörulið 2206.
2. Vín sem flokkast undir vöruliði 2204 og 2205 í tollskrá, svo og gerjaðar drykkjarvörur sem falla undir vörulið 2206 og ekki hafa verið blandaðar öðrum drykkjarvörum.
3. Annað áfengi.

##### 3. gr.

Með eftirlitsmanni í reglum þessum er átt við starfsmann ríkisskattstjóra, sem hann hefur falið eftirlitsstörf, og starfsmann skattstjóra sem rækir eftirlitshlutverk ríkisskattstjóra í hans umboði.

#### *Átöppun og flutningur á lager.*

##### 4. gr.

Áfengisframleiðandi skal tilkynna eftirlitsmanni um átöppun, með tölvupósti eða á annan sannanlegan hátt, svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en fyrir kl. 16.00 næstan virkan dag fyrir átöppun.

Við átöppun, hvort heldur sem er dósa, glerflaskna, plastflaskna, smáflaskna (mineratora) eða þrýstikúta, skal notast við teljara.

Gera skal framleiðsluskýrslu í lok hverrar framleiðslulínu. Á framleiðsluskýrslu skal koma fram framleiðslunúmer, vöruheiti, stærð, tegund umbúða, fjöldi framleiddra eininga, fjöldi rannsóknareininga og fjöldi eininga sem fargað er. Framleiðsluskýrsla skal vera fyrirfram númeruð í hlaupandi númeraröð og undirrituð a.m.k. af tveimur starfsmönnum. Eftir lok hverrar framleiðslulínu skal án tafar farga því sem ekki fer til sölu.

Á flutningsskýrslu með vörum á lager skal koma fram framleiðslunúmer, vöruheiti, stærð, tegund umbúða og fjöldi eininga. Flutningsskýrsla skal vera fyrirfram númeruð í hlaupandi númeraröð og undirrituð a.m.k. af tveimur starfsmönnum. Ef rýrnun verður á vöru frá verksmiðju til lagers skal hún færð á skýrsluna og bæði bílstjóri og móttakandi vöru staðfesta það.

Framleiðsluskýrslum og flutningsskýrslum skal skilað til ríkisskattstjóra ásamt skilagreinum áfengisgjalds 1. og 15. dag hvers mánaðar.

Verði rýrnun á vörulager án þess að sala eða afhending komi fram í birgðabókhalði ber gjaldskyldum framleiðanda ótilkvöddum að greiða áfengisgjald vegna vörurýrnunar á því uppgjörstímabili þegar rýrnun verður vart.

Lagergeymsla skal fullnægja skilyrðum 7. gr. reglugerðar nr. 828/2005, um framleiðslu, innflutning og heildsölu áfengis í atvinnuskyni og skal lager vera aðgengilegur þannig að hægt verði að gera vörutalningar á auðveldan hátt skv. 14. gr. reglugerðar nr. 505/1998, um áfengisgjald.

#### *Innsigli.*

##### 5. gr.

Kútum (söluumbúðum) öls skv. 1. tölul. 2. gr., 20 lítra eða stærri, skal framleiðandi við átöppun loka með innsiglihettum sem ríkisskattstjóri hefur samþykkt til þeirra nota.

#### *Rannsóknarsýni.*

##### 6. gr.

Áfengisframleiðanda er heimilt, án greiðslu áfengisgjalds, að taka sýni af fullnum framleiðsluvörum sínum til geymslu og rannsóknar síðar, þ.m.t. til bragð- og lyktgreiningar (smökkunar), sem hér segir:

1. Af áfengi skv. 1. tölul. 2. gr., þ.e. öli og ölblöndum, sem tappað er á dósir eða flöskur, er við hverja átöppun (framleiðslulotu) heimilt að taka sem rannsóknarsýni eina dós eða flösku af hverjum tólfhundrað og fimmtíu dósnum eða flöskum sem tappað er á í framleiðslulotunni. Framleiðslulota í þessu sambandi miðast við átöppun á hverja og eina umbúðategund.
2. Af áfengi skv. 1. tölul. 2. gr., þ.e. öli og ölblöndum, sem tappað er á kúta er við hverja átöppun (framleiðslulotu) heimilt að taka sem rannsóknarsýni einn kút, enda sé í framleiðslulotunni tappað á minnst eitthundrað kúta.
3. Af áfengi skv. 2. og 3. tölul. 2. gr. er heimilt að taka sem rannsóknarsýni allt að einum lítra áfengis úr hverri lögum, óháð því hvort löguminni er tappað á umbúðir í einni framleiðslulotu eða fleiri lotum. Nýti framleiðandi heimildina skal rannsóknarsýni tekið við átöppun. Hver lögum í þessu sambandi afmarkast í samræmi við blöndunarskýrslur.

Við sérstakar aðstæður getur eftirlitsmaður heimilað áfengisframleiðanda frekari töku sýna til fyrirfram tiltekinna rannsókna.

Rannsóknarsýni skulu eingöngu notuð til rannsókna.

##### 7. gr.

Við átöppun áfengis skv. 1. tölul. 2. gr. er framleiðanda heimilt að taka eftir þörfum sýni til efnafræðilegra rannsókna meðan á átöppun stendur. Í lok átöppunar (framleiðslulotu) skal slíkum sýnum sem ekki hafa verið notuð fargað.

#### *Afskrift og förgun.*

##### 8. gr.

Skemmt eða gallað áfengi, sem framleiðandi á í birgðageymslum sínum og ekki hefur verið greitt áfengisgjald af, má því aðeins afskrifa og farga án greiðslu áfengisgjalds af því, að fylgt sé reglum þeim sem tilgreindar eru í 9. gr.

Við uppgjör áfengisgjalds má framleiðandi draga frá gjaldi, sem honum ber að greiða, gjald sem hann hefur áður greitt af áfengi sem skilað hefur verið til hans þar sem það hefur

reynst skemmt eða gallað. Frádráttarréttur þessi er bundinn því skilyrði að hið skilaða áfengi hafi verið afskrifað og því fargað eftir þeim reglum sem tilgreindar eru í 9. gr.

Áfengi sem hefur verið skilað og greitt hefur verið áfengisgjald af skal eingöngu farga eftir kreditreikningum og undir eftirliti ríkisskattstjóra. Förgun á öðru áfengi sem ekki hefur verið greitt áfengisgjald af skal tilkynnt til ríkisskattstjóra sem gefur leyfi fyrir förguninni.

Framleiðandi getur tilkynnt áfengiseftirliti ríkisskattstjóra án tafar um illskýranleg atvik sem fram koma í framleiðslu og flutningi. Ríkisskattstjóri metur hvort þörf sé á því að eftirlitsmenn komi á staðinn.

#### 9. gr.

Áður en förgun skemmds eða gallaðs áfengis fer fram skal hún tilkynnt til áfengiseftirlits ríkisskattstjóra. Förgun skemmds eða gallaðs áfengis skal ætíð fara fram undir eftirliti eftirlitsmanns. Skemmt telst áfengi m.a. ef komið er fram yfir síðasta tilgreindan neysludag. Áfengi telst m.a. gallað ef það er ósöluhæft vegna skemmdra umbúða.

Samhliða förgun samkvæmt 1. mgr. má afskrifa skemmt eða gallað áfengi sem hér segir:

1. Áfengi á flösku má því aðeins afskrifa að flaska hafi ekki verið opnuð, þ.m.t. að ekki hafi verið rofið innsigli á tappa með innsigli. Afskrift miðast við upprunalegt magn í flösku.
2. Áfengi á dós má því aðeins afskrifa að dós sé órofin. Afskrift miðast við upprunalegt magn í dós.
3. Afskrifa má öl á kút þótt innsigli hafi verið rofið. Innihaldi kútur við afskrift meira en 90% upphaflegs magns skal afskrift miðast við upprunalega magnið. Að öðrum kosti skal afskrift miðast við það magn sem í kútnum er við afskrift.

#### *Kynningar og gjafir.*

#### 10. gr.

Óheimilt er að afhenda áfengi út af eigin lager í þeim tilgangi að gefa það.

Þegar um er að ræða afhendingu á áfengi til kynningar út af eigin lager ber framleiðanda ávallt að innheimta og skila áfengisgjaldi í þeim tilvikum, sbr. 6. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi.

Þegar um er að ræða kynningu á áfengi annað hvort gagnvart seljendum áfengis eða ótilteknum hópi manna á vínveitingastöðum skal söluaðili (aðili með vínveitingaleyfi skv. 12. gr. áfengislaga nr. 75/1998) hafa með höndum kynninguna f.h. dreifingaraðila/framleiðanda. Með kynningu áfengis er m.a. átt við það tilvik þegar áfengi er afhent söluaðila í þeim tilgangi að hann afhendi það án endurgjalds.

Óheimilt er að afhenda áfengi af eigin lager til kynningar gagnvart tilteknum fyrirfram ákveðnum hópi manna sem hafa ekki með höndum sölu á áfengi þar sem slík afhending hefur einkenni gjafa.

Gefa skal út sölureikning við sérhverja sölu eða afhendingu á vöru. Ávallt skal gefa út sölureikning á nafni kynningaraðila í þeim tilvikum þegar tekið er út af eigin lager. Sama gildir þegar áfengi er keypt og afhent til kynninga. Á sölureikningum sem gefnir eru út á kynningaraðila vegna kynningar skal koma fram tilefni kynningar, þ.e. kynning vegna.... og skilyrði fyrir afhendingunni s.s. hvort áfengið ber að afhenda endurgjaldslaust eða ekki. Jafnframt skal koma fram á sölureikningi tegund, magn og lýsing á hinu afhenta áfengi en fjárhæð reikningsins skal vera 0. Frumrit sölureiknings skal afhent kynningaraðila en tekið skal fram að honum er óheimilt að gjaldfæra hið móttekna áfengi. Sölureikningur sem gefinn er út í umræddum tilvikum skal því ávallt gefinn út á nafn þess sem kynnir áfengið en ítrekað skal að fjárhæð hans skal vera 0 kr.

*Ýmis ákvæði.*

11. gr.

Brot gegn reglum þessum getur leitt til endurákvörðunar á áfengisgjaldi, álags á það og dráttarvaxta.

12. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 14. gr. reglugerðar nr. 505/1998, um áfengisgjald og taka gildi 1. janúar 2006. Frá sama tíma falla úr gildi eldri reglur um sama efni settar af ríkisskattstjóra.

*Reykjavík, 10. nóvember 2005.*

**Ingvar J. Rögnvaldsson**  
vararíkisskattstjóri.

---

*Jón H. Steingrímsson,*  
*forstöðumaður þjónustusviðs.*